

## Skýrsla formanns ÆSKP starfsárið 2015

Kæru hendur Guðs í ÆSKP.

Það er undarleg tilfinning að setja saman skýrslu formanns nú þegar ég hef sagt mig úr stjórn ÆSKP. Ég hef átt sæti í stjórn samtakanna í tæpan áratug og hef gegnt öllum þeim hlutverkum sem í boði eru fyrir sjálfboðaliða, setið í varastjórn, sem almennur stjórnarmaður, gjaldkeri, ritari og nú síðast formaður.

Mér er tregablandið þakklæti í huga þegar ég sendi ykkur kveðju mína.

Kirkja Krists er enginn venjulegur vinnustaður og þó ég hafi verið fastráðinn starfsmaður safnaðar allan þennan tíma, þá hefur ÆSKP verið sá vettvangur sem hefur veitt mér mesta gleði í störfum mínum. Kirkjan er samfélag og söfnuður þeirra sem vilja rækta tengsl við sjálfan sig, samfélag trúaðra og við Guð eins og hann birtist í Jesú Kristi. Slíkt verður aldrei höndlað að atvinnu.

Það er reynsla mín að sjálfboðið starf launar ríkulega og ég geri þá kröfu að sjálfboðastörf mín skili árangri, bæði fyrir sjálfan mig og þau sem ég gef krafta mína til að þjóna. ÆSKP hefur þar sannarlega ekki valdið vonbrigðum. Samtökin eru vettvangur fyrir alla sem vilja og ávextir starfsins láta ekki á sér standa. Á liðnu ári hefur ÆSKP aukið öryggi barna í kirkjunni, bæði í söfnuðum og á viðburðum kirkjunnar, lagt fé til uppbyggingar mannlífa í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar, miðlað lífgefandi boðskap um mikilvægi geðheilbrigðis og baráttunnar gegn fordómum í garð geðfatlaðra og verið afgerandi rödd í mannréttindabaráttu hinsegin fólks.

Því er sjaldnast tekið vel þegar framkvæmdastjóri eða stjórn ÆSKP gerir athugasemd við störf safnaða en það má engan afslátt gefa af þeirri kröfu að lögráða eintaklingar beri ábyrgð á börnum og að siðareglum sé fylgt í hvívetna. Öryggismál á Landsmóti ÆSKP eru með því besta sem þekkist á slíkum viðburðum og því má þakka þeim stjórnstækjum sem Guðmundur Karl Einarsson hefur smíðað fyrir okkur. Skrámur er orðin fyrirmynd fyrir prófastsdæmi og fermingarstörf og prestar um allt land hafa lært af vinnubrögðum ÆSKP.

Sú áhersla að safna fé með Hjálparstarfi kirkjunnar til styrktar góðum málefnum á Landsmóti hefur glætt mótin nýjum tilgangi og ég vil meina að ekkert eitt atriði hafi gert meira fyrir upplifun þátttakenda. Hugmyndin fæddist, eins frægt er orðið, hjá fyrrum formanni samtakanna Margréti Ólöfu Magnúsdóttur í Herjólfvík að loknu Landsmóti 2009 en árið eftir var fjallað um aðstæður barna á Indlandi og safnað fé til að frelsa börn í ánauð. Með því að samþætta hópastarf og síðar Karnival, sem er verkefni Rakelar Brynjólfssdóttur, við fræðslu og söfnun hefur upplifun mótsins orðið heild og ungmennin finna að þau hafa lagt sitt af mörkum. Í ár söfnuðust 500.000 til innanlandsaðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar og er því skipt á milli Pollasjóðs og Hemmasjóðs.

Hápunktur Landsmóts 2015 var í mínum huga framlag Mörtu Ferrer en það var stórkostleg upplifun að verða vitni að hugrekki hennar. Fræðslustundin var þannig uppbyggð að ég hóf fræðsluna með umfjöllun um tengsl trúar og

geðræktar og í lokin fjallaði Thelma Gunnarsdóttir um hvað hægt er að gera við kvíða og depurð á unglingsárum. Erindi okkar voru fagleg en ungmennin skynjuðu þann sársauka og það hugrekki sem lá að baki vitnisburði hennar. Boðskapur Mörtu var skýr og yfirvegaður: Geðsjúkdóma velur enginn að fá en hægt er að velja viðhorf sitt gagnvart þeim. Viðbrögð Mörtu voru að leita sér aðstoðar hjá læknum og fagfólki á BUGL, styðjast við fjölskyldu og ástvini og leita skjóls og “oxítósins” í æskulýðsfélagi kirkjunnar. NeDó var hennar athvarf og skjól og börnin fengu þá mynd af kirkjunni að þar sé öruggt að vera, jafnvel þegar maður sker sig afgerandi úr hópnum.

Síðasta verkefnið sem ég vil nefna er þátttaka ÆSKP í gleðigöngunni, sem framkvæmdastjóri hefur leitt undanfarin tvö ár. Í aðdraganda göngunnar héldum við Eva Björk Valdimarsdóttir fræðslukvöld þar sem fjallað var um Biblíuna og hinsegin fólk og í kjölfarið birti ég greinar í Fréttablaðinu. Sú samstaða sem ÆSKP hefur sýnt mannréttindabaráttu hinsegin fólks skyldi síst vanmeta og mikilvægt er að muna að þátttaka ÆSKP í göngunni er fyrsta formlega aðild kirkjunnar að hinsegin dögum, þó fjölmargir prestar hafi í sínu nafni lagt málefninu lið. Fulltrúar okkar á Kirkjuþingi Unga Fólksins komu samviskufrelsi presta formlega á borð biskups og í kjölfarið kom fram afdráttarlaus niðurstaða innanríkisráðherra um mismunun presta á grundvelli kynhneigðar stenst ekki lög. Þar með er unninn fullnaðarsigur í þeirri baráttu, þökk sé m.a. framgöngu hugrökku fulltrúanna okkar.

Íslenska Þjóðkirkjan er eins og Lúther sagði „samtímis æði og ömurleg” (*simil justus et peccator*) en ÆSKP getur sannarlega litið með stolti yfir liðið starfsár. Unga fólkinn í kirkjunni er skemmtilegasti félagskapur sem hægt er að hugsa sér.

Hafið þökk fyrir langa samfylgd og Guð blessi ykkur sem leggið Honum lið í þágu barna í æskulýðsstarfi kirkjunnar.